

FG – FRÉTTIR

4. tbl. 28. árgangur
Ábm. Kristinn Þorsteinsson

9. mars 2011



Miðannarmat

Nú eru allir nemendur búnir að fá sitt miðannarmat birt í INNU. Á hverri önn færa kennarar inn miðannarmat sem er hugsað sem vísbending um frammistöðu nemandans það sem af er annarinnar.

Matið er í bókstöfum og er:

- G Gott
- V Viðunandi
- Ó Óviðunandi, þarf að bæta
- Ý Á ekki við

Það er ekki úr vegi fyrir forráðamenn að skoða miðannarmatið en það sést hér á myndinni fyrir neðan hvernig hægt er að nálgast það inn á [INNU](http://innu.is).

Lokað í mötuneytinu í dag (miðvikudaginn 9. mars)

Umgengnin í mötuneyti nemenda hefur löngum verið vandamál. Þó hefur keyrt um þverbak síðustu tvær vikurnar og greip stjórn skólans til þess neyðarúrræðis í samráði við stjórn NFFG að loka mötuneytinu í dag. Það skapar að sjálfsögðu óþægindi fyrir fleiri en þá sem ganga illa um en það er ekki og getur ekki verið ásættanlegt að hálffullorðið og fullorðið fólk gangi þannig um mötuneytið að samanburður við útihátíð er eðlilegastur.

Mötuneytið opnar aftur á morgun (fimmtudag) og er það von okkar að nemendur sjái að sér og gangi betur um. Einnig þurfa þeir að taka athugasemdum LOK-nemenda og skólaliða með virðingu og fara að fyrirmælum þeirra.

FG er þekktur sem hreinn og snyrtilegur skóli. Skólayfirvöld hafa kostað miklu til að hér sé vistlegt og gott námsumhverfi. Við þurfum að taka höndum saman og tryggja að svo verði áfram. Umgengni eins og við höfum séð síðustu vikur getur breytt ásýnd skólans.

Stjórnendur skólans skora á forráðamenn að tala við sín ungmenni og sannfæra þau um gildi þess að ganga vel um.

The screenshot shows the INNU website interface. On the left, there is a navigation menu with a sub-menu for 'Miðannarmat'. A black arrow points to this sub-menu. The main content area displays a calendar for Wednesday, March 9, 2011, with a list of events including 'TILKYNNINGAR', 'NEMANDI', and 'KENNITALA: NETFANG:'. The right-hand side of the page features a 'Póstur' (Posts) section and a 'Stillingar' (Settings) section. The bottom of the page contains contact information for Fjölbrotaskólinn í Garðabæ.